

Náttúruverndarstofnun

Skeiða- og Gnúpverjahreppur
Rebekka Rut Ingvarsdóttir
Árnesi
804 Selfossi

Garðabær, 3. apríl 2025
202503-0199/A.B.
08.02

Efni: Umsögn - Tillaga - Deiliskipulag - Vorhús - Skeiða- og Gnúpverjahreppur

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Skeiða- og Gnúpverjahrepps er barst 13. mars sl. þar sem óskað er umsagnar Náttúruverndarstofnunar tillögu að deiliskipulagi fyrir Vorhús í Skeiða- og Gnúpverjahreppi.

Í greinargerð kemur fram að í deiliskipulaginu felst að heimilt verði að reisa þar íbúðarhús, skemmu/geymslu og gestahús. Í deiliskipulaginu eru skilgreindir byggingarreitir og byggingarheimildir innan þeirra. Jörðin er 2,8 ha að stærð og á svæðinu eru engin mannvirki.

Þjósárhraun

Náttúruverndarstofnun bendir á að samkvæmt kortasjá Náttúrufræðistofnunar er innan skipulagssvæðisins hraun sem nýtur sérstakrar verndar samkvæmt 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Í 61. gr. laganna er kveðið á um sérstaka vernd þeirra vistkerfa og jarðminja sem taldar eru upp í 1. mgr. og 2. mgr. sama ákvæðis. Samkvæmt 3. mgr. ákvæðisins ber að forðast röskun þeirra náttúrufyrirbæra, sem undir greinina falla, nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Í greinargerð með frumvarpi til laga um náttúruvernd er með orðalaginu „brýn nauðsyn“ lögð áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir.

Mikilvægt er að fjallað sé um hvort að sjáanlegar jarðmyndanir séu á skipulagssvæðinu og ef svo er er mikilvægt að vernda þær.

Eldhraun sem er að öllu leyti sandorpið eða hulið jarðvegi og gróðri og ekki er lengur hægt að greina hvort um hraun sé að ræða hefur að öllu jöfnu tapað þeim einkennum sem mynda verndargildi þess sem jarðmyndunar eða „hraunvistgerðar“ og nýtur það því ekki sérstakrar verndar samkvæmt greininni. Ákvæðið útilokar þó ekki að aðrir eiginleikar, svo sem jarðsögulegir eiginleikar eða eiginleikar þess gróðurs sem vex á svæðinu, hafi sérstakt verndargildi.

Vistgerðir og fuglalíf

Í 2. gr. laga nr.60/2013 um náttúruvernd segir að til að stuðla að vernd líffræðilegrar fjölbreytni skal stefnt að því að viðhalda fjölbreytni vistgerða innan náttúrulegra útbreiðslusvæða þeirra með þeirri tegundafjölbreytni og þeim vistfræðilegu ferlum sem einkenna hverja vistgerð og tryggja ákjósanlega verndarstöðu einstakra vistgerða.

Náttúruverndarstofnun bendir á að samkvæmt vistgerðarkorti Náttúrufræðistofnunar Íslands (<http://vistgerdakort.ni.is/>) eru innan skipulagssvæðisins m.a. vistgerðin língresis- og vingulsvist sem er með hátt verndargildi og eru á lista Bernarsamningsins frá 2014 yfir vistgerðir sem þarfnast verndar.

Í starungsmýravist getur verið ríkt fuglalíf og er algengt að varpfuglategundirnar; þúfutittlingur (*Anthus pratensis*), hrossagaukur (*Gallinago gallinago*), lóupræll (*Calidris alpina*), spói (*Numenius phaeopus*) og stelkur (*Tringa totanus*) nýti slíka vistgerð til varps.

Náttúruverndarstofnun bendir á að lóupræll og spói eru ábyrgðartegundir Íslands.

Náttúruverndarstofnun telur mikilvægt að þetta komi fram í tillögunni og hvaða leiðir verði farnar til að draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum á ofangreindar vistgerðir og búsvæði fuglanna.

Náttúruverndarstofnun bendir á að lóupræll og spói eru ábyrgðartegundir Íslands. Auk þess bendir Umhverfisstofnun á að talningar af Suðurlandi sýna marktæka fækkun fimm tegunda, heiðlóu, lóupræls, spóa, stelks og þúfutittlings. Ekki er vitað hvað veldur þessari fækkun en þar sem þessar tegundir sýna almennt neikvæð áhrif af aukinni landnotkun (mannvirkjum og skógrækt) gæti þetta verið merki um svæðisbundin neikvæð áhrif mannlegra umsvifa á þéttleika mófugla.¹

Náttúruverndarstofnun bendir á að innan skipulagssvæðisins er mikilvægt fuglasvæði skv. vistgerðarkorti NÍ² og bendir Náttúruverndarstofnun á að á þessum svæðum geta verið fuglategundir sem eru forgangstegundir skv. Bernarsamningnum, á valista og ábyrgðartegundir Íslands. (Sjá lista NÍ: <https://www.ni.is/greinar/forgangstegundir-fugla>).

Virðingarfyllst,

Axel Benediktsson

sérfræðingur

Sigrún Valgarðsdóttir

sérfræðingur

¹ <https://moi.hi.is/is/mofuglar>

² <https://vistgerdakort.ni.is/>